

Nd.

363. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sinum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

Varamaður kemur í stað aðalmanns, ef hann getur ekki sinnt störfum um stundarsakir. Fari annar hvor þeirra úr sóknarnefnd eða safnaðarstjórn, er hann um leið úr kirkjugarðsstjórn, og skal þá kosið í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Í kirkjugarðalögum frá 1932 er hvergi gert ráð fyrir, hvernig skipa skuli kirkjugarðsstjórn, þar sem fleiri en 2 söfnuðir nota sama kirkjugarð, eins og nú er í Reykjavík. Virðist því brýn nauðsyn til að setja lagaákvæði þar að lútandi og gera þá jafnframt ráð fyrir þeirri safnaðafjölgun, sem verða kann, að minnsta kosti í Reykjavík, innan fárra ára.

Álitamál kann að vera, hvernig bezt sé að haga skipun kirkjugarðsstjórnar, þegar söfnuðir verði fleiri en 7 um sama garð, og er ráðherra falið að setja reglur þar að lútandi. En óhjákvæmilegt er talið að ákveða kjörtímabil kirkjugarðsstjórnar og ætla henni varamenn, svo að enginn söfnuður verði þar fulltrúalaus, þótt aðalmaður sé veikur eða fjarverandi um stundarsakir.